

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs, nr. 450/2018.

1. gr.

6. mgr. 31. gr. samþykktarinnar fellur brott.

2. gr.

B liður 44. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

**Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Fræðsluráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði fræðslumála ásamt því að fara með verkefni skólanefnda, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni tónlistarskóla sbr. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, og verkefni leikskólastjórnar skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.
2. *Íþrótt- og tómstundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði íþróttá, tómstunda og forvarna. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.
3. *Ferða-, safna- og menningarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði ferða-, safna- og menningarmála ásamt því að fara með verkefni bókasafnstjórnar skv. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.
4. *Fjölskyldu- og velferðarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði fjölskyldumála og velferðar ásamt því að fara með verkefni barnaverndarnefndar skv. III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 og félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.
5. *Framkvæmda- og skipulagsráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði framkvæmda-, umhverfis- og skipulagsmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarnefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.
6. *Hafnarráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði hafnarmála ásamt því að fara með verkefni hafnarráðs Sandgerðishafnar skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Nánar um störf nefndarinnar fer samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur henni.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
8. *Bílastæðasjóður.* Stjórn sjóðsins er skipuð þrem fulltrúum, sbr. 1. gr. samþykta um Bílastæðasjóð Sandgerðisbæjar frá 11. apríl 2013.
9. *Ungmennaráð.* Ráðið er skipað níu fulltrúum til tveggja ára í senn sbr. samþykkt um ungmennaráð sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

3. gr.  
*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem bærarstjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. október 2018.*

F. h. r.  
**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*